



Skýrsla um eftirfylgni:
*Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar
Háskóla Íslands*

Júní 2014

Efnisyfirlit

Niðurstöður og ábendingar	3
Viðbrögð við ábendingum	5
1 Inngangur.....	6
2 Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar.....	7
2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2011	7
2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim.....	8
2.2.1 Ábending til mennta- og menningarmálaráðuneytis.....	8
2.2.2 Ábendingar til Háskóla Íslands.....	9
2.2.3 Ábendingar til Raunvísindastofnunar	11

Niðurstöður og ábendingar

Í skýrslunni *Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands* (janúar 2011) kannaði Ríkisendurskoðun hvort skipulag, stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar stuðlaði að því að verkefnum hennar væri sinnt með hagkvæmum og árangursríkum hætti. Raunvísindastofnun er rannsóknarstofnun innan Háskóla Íslands og skiptist í tvær undirstofnanir, Jarðvísindastofnun og Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun. Stofnunin heyrir undir verkfræði- og náttúruvísindasvið háskólans og forseti þess ber ábyrgð á fjár- og starfsmannamálum hennar en rektor ber endanlega ábyrgð á rekstri hennar og starfsemi. Engu að síður telst hún sérstök stofnun í fjárlögum.

Raunvísindastofnun er rannsóknarstofnun innan Háskóla Íslands

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefði óskýra sýn á stöðu Raunvísindastofnunar innan stjórnkerfisins. Þegar fjármál hennar væru til umfjöllunar liti ráðuneytið á hana sem sjálfstæða A-hlutastofnun þar sem hún væri sérstakur liður í fjárlögum. Það hefði þá bein samskipti við framkvæmdastjóra stofnunarinnar eins og um forstöðumann væri að ræða. Hvað árangur Raunvísindastofnunar og starfsemi varðaði liti ráðuneytið hins vegar á hana sem hluta Háskóla Íslands.

Óskýr sýn á stöðu stofnunarinnar innan stjórnkerfisins

Í skýrslunni kom fram að Ríkisendurskoðun teldi stjórnunarlega yfirbyggingu Raunvísindastofnunar of mikla. Yfir henni væri stjórn og undir hana heyrðu framkvæmdastjóri og skrifstofa sem annaðist stoðþjónustu. Jafnframt hefðu báðar undirstofnanir eigin stjórn, auk þess sem Jarðvísindastofnun hefði sérstakan skrifstofustjóra. Ríkisendurskoðun taldi að þetta hefði í för með sér að ábyrgðar- og verkaskipting og boðleiðir innan stofnunarinnar væru óljósar. Þá væru ekki til skráðar verklagsreglur fyrir meginferla starfseminnar og aðkoma annarra stjórnenda en framkvæmdastjóra og stjórnar stofnunarinnar að rekstri og stjórnun væri almennt lítil. Fjármálastjóri Háskóla Íslands og forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs hefðu enga aðkomu að gerð rekstraráætla-ana, bókhald vegna styrkja væri flókið og ekkert skráð verklag til um ferli styrkumsókna, samningagerð eða bókhaldslega meðferð þeirra. Aðrar stofnanir Háskóla Íslands sem þæðu styrki til rannsókna fylgdu tilteknum reglum vegna þeirra og mikilvægt væri að það sama gildi um Raunvísindastofnun.

Stjórnunarleg yfirbygging of mikil

Í skýrslu sinni árið 2011 setti Ríkisendurskoðun alls fram sex ábendingar. Einni var beint til mennta- og menningarmálaráðuneytis, tveimur til Háskóla Íslands og þremur til Raunvísindastofnunar.

Alls sex ábendingar settar fram árið 2011

Í ábendingunni til mennta- og menningarmálaráðuneytis hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að virða forræði Háskóla Íslands yfir Raunvísindastofnun, skýra hlutverk háskólans gagnvart stofnuninni og láta færa fjárveitingar stofnunarinnar undir háskólann til að skerpa á ábyrgð hans og umboði gagnvart henni. Ríkisendurskoðun telur að ráðuneytið hafi brugðist við ábendingunni fyrir sitt leyti en beiðni, sem það setti fram í tengslum við fjárlagavinnu ársins 2012, um að fjárveitingar Raunvísindastofnunar yrðu

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur brugðist við fyrir sitt leyti

Ný ábending til fjármála- og efnahagsráðuneytis

færðar undir háskólann var hafnað af fjármála- og efnahagsráðuneyti. Ríkisendurskoðun setur því fram nýja ábendingu og beinir henni til fjármála- og efnahagsráðuneytis með hvatningu um að það færi fjárveitingar Raunvísindastofnunar undir Háskóla Íslands. Þannig verður forræði háskólans yfir stofnuninni í fjárlagaferlinu óumdeilt og hlutverk hans gagnvart henni skýrt.

Ábending til Háskóla Íslands um einföldun stjórnskipulags ítrekuð

Fyrri ábending Ríkisendurskoðunar til Háskóla Íslands laut að því að háskólinn skýrði aðkomu sína að starfsemi Raunvísindastofnunar. Í seinni ábendingunni var skólinn hvattur til að flýta vinnu við endurskoðun reglna um stofnunina og einfalda stjórnskipulag hennar. Að sögn Háskóla Íslands árið 2014 hefur hann aukið samstarf sitt við Raunvísindastofnun á sviði fjár- og mannauðsmála og komið á reglulegum samskiptum við hana. Þá hafi háskólinn endurskoðað reglur um Raunvísindastofnun og verklag hans og stofnunarinnar sé nú samræmdara en áður. Hins vegar hefur stjórnskipulag stofnunarinnar ekki verið einfaldað þótt unnum ársverkum hafi fækkað úr 120 árið 2009 í 101 í árslok 2013. Ríkisendurskoðun ítrekar því þann hluta seinni ábendingar sinnar sem lýtur að stjórnskipulagi Raunvísindastofnunar en telur að öðru leyti ekki þörf á að ítreka ábendingar sínar til Háskóla Íslands.

Ábendingar til Raunvísindastofnunar ekki ítrekaðar

Ríkisendurskoðun beindi þremur ábendingum til Raunvísindastofnunar, þ.e. að bæta þyrfti verklag hennar og umsýslu með styrkjum og rannsóknarstarfi, auk þess að tryggja yrði að reksturinn væri innan fjárheimilda. Að sögn Raunvísindastofnunar árið 2014 hefur hún sett sér ýmsar skriflegar verklagsreglur um meginferla starfseminnar þótt enn sé nokkuð starf óunnið á því sviði. Þá fylgi stofnunin sömu reglum og Háskóli Íslands vegna umsýslu styrkja, þótt skjölun eldri styrkja sé enn ólokið, og fylgi fyrir-mælum styrkveitenda um framvindu- og lokaskýrslur. Loks hafi stofnunin verið rekin innan ramma fjárlaga frá árinu 2010 og höfuðstóll hennar verið jákvæður í árslok 2012 en uppsafnaður halli nam tæpum 50 m.kr. í árslok 2009. Ríkisendurskoðun telur ekki þörf á að ítreka ábendingarnar en hvetur Raunvísindastofnun engu að síður til að vinna markvisst áfram að þessum málum, s.s. að ljúka gerð verklagsreglna fyrir meginferla starfseminnar og tryggja örugga skjölun allra rannsóknarverkefna.

Ábending til fjármála- og efnahagsráðuneytis

1. Fjárveiting Raunvísindastofnunar verði færð undir Háskóla Íslands

Ríkisendurskoðun hvetur fjármála- og efnahagsráðuneyti til að leggja niður sérstakan fjárlagalið Raunvísindastofnunar í fjárlögum og færa fjárveitingu hennar undir Háskóla Íslands, þótt hún verði hugsanlega áfram eyrnamerkt stofnuninni. Það myndi skerpa á ábyrgð og umboði Háskóla Íslands gagnvart stofnuninni og m.a. efla eftirlit hans með fjármálum hennar.

Ítrekuð ábending til Háskóla Íslands

1. Einfalda þarf stjórnskipulag Raunvísindastofnunar

Ríkisendurskoðun hvetur Háskóla Íslands til að endurskoða reglur um Raunvísindastofnun Háskóla Íslands nr. 685/2011 með það að markmiði að einfalda stjórnskipulag hennar, m.a. þannig að hún hafi aðeins eina stjórn.

Viðbrögð við ábendingum

Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytis

Fjárveiting Raunvísindastofnunar verði færð undir Háskóla Íslands

„Fjármála- og efnahagsráðuneytið tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar. Það er stefna ráðuneytisins að fækka fjárlagaliðum og eru þær breytingar sem nýtt frumvarp til laga um opinber fjármál liður í að styðja við þá stefnu. Mikilvægt er að skýr ábyrgð og umboð sé á rekstri einstaka fjárlagaliða og að öflugt eftirlit sé með fjármálum þeirra.“

Viðbrögð Háskóla Íslands

Einfalda þarf stjórnskipulag Raunvísindastofnunar

„Hvað varðar ábendingu nú um frekari endurskoðun reglna um Raunvísindastofnun með það að markmiði að einfalda stjórnskipulag hennar, þá verður hún tekin til skoðunar innan Háskóla Íslands. Í því samhengi verður hins vegar að gæta að greinarmuni á faglegu málefnum og verkefnum annars vegar og fjármálum og rekstri hins vegar.“

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórnsýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Slík endurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu á almannafé, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun gerir hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekur athygli á því sem hún telur að hafi farið úrskeiðis í rekstri og bendir á leiðir til úrbóta.

Eftirfylgni í samræmi við alþjóðlega staðla um stjórnsýsluendurskoðun

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt sinni eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi leggur stofnunin megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í janúar 2010 óskaði Raunvísindastofnun eftir að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun féllst á það og gaf í janúar 2011 út skýrsluna *Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands*. Í þessari eftirfylgniúttekt er ábendingum sem fram komu í þeirri skýrslu fylgt eftir.

Við mat á því hvort ábendingar Ríkisendurskoðunar hefðu leitt til æskilegra umbóta var aflað upplýsinga hjá Raunvísindastofnun, Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þessir aðilar fengu drög að skýrslunni til umsagnar, ásamt fjármála- og efnahagsráðuneyti þar sem einni ábendingu er nú beint til þess. Jafnframt var óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins og Háskóla Íslands við þeim ábendingum sem beint er til þeirra í skýrslunni. Ríkisendurskoðun þakkar framangreindum aðilum gott samstarf.

2 Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar

2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2011

Í skýrslunni [Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands](#) (janúar 2011) kom fram að Raunvísindastofnun væri vettvangur rannsókna í raunvísindum innan Háskóla Íslands og skiptist í tvær undirstofnanir, Jarðvísindastofnun og Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun. Raunvísindastofnun teldist sérstök stofnun í fjárlögum þótt hún heyrði undir verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands. Samkvæmt fjárlögum ársins 2011 næmu fjárveitingar hennar 944,4 m.kr., þar af væri framlag úr ríkissjóði um 350 m.kr. og sértekjur, einkum styrkir frá ýmsum styrktaraðilum og samkeppnisjóðum, um 600 m.kr. Í árslok 2009 næmi uppsafnaður halli hennar tæpum 50 m.kr.

Fram kom að rektor Háskóla Íslands bæri endanlega ábyrgð á rekstri og starfsemi Raunvísindastofnunar því lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla kvæðu á um að forsetar fræðasviða bæru ábyrgð á fjár- og starfsmannamálum undirstofnana sinna, þ.m.t. Raunvísindastofnunar. Erfiðlega hefði gengið að aðlaga reglur Háskóla Íslands um starfsemi Raunvísindastofnunar að þessu. Háskólinn hefði lítið skipt sér af fjármálum, verklagi eða öðru í starfsemi stofnunarinnar en hygðist auka afskipti sín af stjórnun hennar og rekstri, í samræmi við umrædd lög. Stjórn stofnunarinnar vildi hins vegar viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi. Þá kom fram að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefði óskýra sýn á stjórnsýslulega stöðu Raunvísindastofnunar. Þegar fjármál hennar væru til umfjöllunar liti það á hana sem sjálfstæða A-hlutastofnun þar sem hún væri sérstakur liður í fjárlögum og hefði þá bein samskipti við framkvæmdastjóra hennar eins og um forstöðumann væri að ræða. Hvað árangur Raunvísindastofnunar og starfsemi varðaði liti ráðuneytið hins vegar á hana sem hluta Háskóla Íslands.

Bent var á að yfir Raunvísindastofnun væri stjórn sem framkvæmdastjóri og skrifstofa sem annaðist stoðþjónustu heyrðu undir. Jafnframt hefði hvor undirstofnun sína eigin stjórn, auk þess sem Jarðvísindastofnun hefði sérstakan skrifstofustjóra. Fram kom að Ríkisendurskoðun teldi stjórnunarlega yfirbyggingu Raunvísindastofnunar óþarflega mikla. Það leiddi til þess að ábyrgðar- og verkaskipting og boðleiðir innan stofnunarinnar væru óljósar. Þá kom fram að skipuriti Raunvísindastofnunar væri ábótavant, t.d. væru tengsl hennar við Háskóla Íslands þar hvergi sjáanleg.

Í skýrslunni kom fram að ekki væru til skráðar verklagsreglur fyrir meginferla stofnunarinnar, þ.m.t. gerð rekstraráætlana og eftirfylgni með þeim. Framkvæmdastjóri hennar gerði áætlanir og legði fyrir stjórn en aðkoma annarra stjórnenda væri lítil. Auk þess hefðu fjármálastjóri Háskóla Íslands og forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs enga aðkomu að gerð þeirra. Þá væri bókhald vegna styrkja flókið og engar skráðar verklagsreglur til um ferli styrkumsókna, samningagerð né bókhaldslega meðferð

Raunvísindastofnun heyrir undir verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands

Rektor Háskóla Íslands ber ábyrgð á rekstri og starfsemi stofnunarinnar

Stjórnunarleg yfirbygging óþarflega mikil

Ekki til skráðar verklagsreglur fyrir meginferla starfseminnar

styrkja. Aðrar stofnanir háskólans sem þæðu styrki til rannsókna fylgdu tilteknum reglum vegna þeirra og óæskilegt væri að Raunvísindastofnun væri þar undanskilin.

2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim

Alls voru settar fram sex ábendingar í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2011, einni var beint til mennta- og menningarmálaráðuneytis, tveimur til Háskóla Íslands og þremur til Raunvísindastofnunar.

2.2.1 Ábending til mennta- og menningarmálaráðuneytis

1. Hlutverk Háskóla Íslands gagnvart Raunvísindastofnun sé skýrt

Ríkisendurskoðun hvatti mennta- og menningarmálaráðuneyti til að virða forræði Háskóla Íslands yfir Raunvísindastofnun og lagði til að það kannaði möguleika á að færa fjárveitingar stofnunarinnar undir háskólann þótt þær yrðu áfram eyrnamerkta henni. Það myndi skerpa á ábyrgð og umboði Háskóla Íslands gagnvart Raunvísindastofnun.

Í viðbrögðum mennta- og menningarmálaráðuneytis við ábendingunni árið 2011 kom fram að ráðherra hefði árið 2010 skipað starfshóp um tengsl Háskóla Íslands og Raunvísindastofnunar sem væri m.a. ætlað að skoða fyrirkomulag fjárveitinga háskólans og stofnunarinnar og skila ráðherra tillögum þar að lútandi. Hópurinn myndi taka ábendingu Ríkisendurskoðunar til athugunar.

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis í ársbyrjun 2014 við því hvort og þá hvernig það hefði brugðist við ábendingunni kom fram að það hefði, í tengslum við fjárlagavinnu ársins 2012, farið þess á leit við fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) að fjárveitingar Raunvísindastofnunar yrðu færðar undir Háskóla Íslands. Raunvísindastofnun fengi þannig úthlutað sérstöku viðfangi undir fjárlagalið háskólans, 02-201, og núverandi fjárlagaliður hennar, 02-203, félli niður. Fyrir þessu voru færð ýmis rök, s.s. að skil milli háskólans og Raunvísindastofnunar hafi á stundum verið óljós, m.a. varðandi gerð rannsóknasamninga og fjármögnun viðhaldsframkvæmda á húsnæði stofnunarinnar. Með breyttu fyrirkomulagi yrði bókhald Raunvísindastofnunar hluti af bókhaldi háskólans og lyti skipulagi þess en jafnframt yrði auðvelt að fá sérstakt rekstraruppgjör fyrir stofnunina. Reglur háskólans um meðferð fjármuna myndu yfirfærast á Raunvísindastofnun og eftirlit hans eflast, m.a. með bættu aðgengi að bókhaldi hennar. Fjárhagslegar reglur háskólans um meðferð styrkja myndu einnig yfirfærast á stofnunina og upplýsingar tengdar þeim verða aðgengilegri. Þessar breytingar myndu verða til einföldunar fyrir Raunvísindastofnun og leiða til hagræðingar. Bent var á að það hefði lítinn tilgang að flytja bókhaldsþjónustu Raunvísindastofnunar frá Fjársýslu ríkisins, sem sinnir því nú, til háskólans ef fjárveitingar hennar væru áfram á sérstöku fjárlagalið. Ávinningurinn fælist í aðlögun og samþættingu vinnubragða Raunvísindastofnunar að fyrirkomulagi háskólans. Loks var bent á að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefði tekið undir álit ráðuneytisins um að æskilegast væri að fjárveitingar til Raunvísindastofnunar færðust á sérstakt viðfang undir fjárlagalið Háskóla Íslands.

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis til Ríkisendurskoðunar árið 2014 kom einnig fram að rektor Háskóla Íslands hefði, í erindi til þess, bent á að vegna stærðar Raunvísindastofnunar, sérstöðu og hlutverks í vísindarannsóknum væri nauðsynlegt

Sex ábendingar, ein til ráðuneytis, tvær til Háskóla Íslands og þrjár til stofnunar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti færir fjárveitingar Raunvísindastofnunar undir háskólann

Ráðuneytið fór þess á leit við fjármálaráðuneyti að fjárveitingarnar yrðu færðar

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd tók undir álit mennta- og menningarmálaráðuneytis

að hafa fjárveitingar hennar á sérstöku viðfangi undir fjárlagalið Háskóla Íslands. Vilji háskólans, sem ber endanlega ábyrgð á starfsemi og fjárveitingum Raunvísindastofnunar, liggi því ljós fyrir.

Þrátt fyrir framangreindan rökstuðning mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir umræddri beiðni um framsetningu fjárveitinga Raunvísindastofnunar var henni hafnað af fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti brugðist við ábendingunni fyrir sitt leyti. Aftur á móti beinir Ríkisendurskoðun nú þeirri ábendingu til fjármála- og efnahagsráðuneytis að það færi fjárveitingu Raunvísindastofnunar undir Háskóla Íslands, þótt hún yrði áfram eyrnamerkt stofnuninni, til að skerpa á ábyrgð og umboði háskólans gagnvart stofnuninni.

2.2.2 Ábendingar til Háskóla Íslands

1. Háskóli Íslands hafi skýra aðkomu að Raunvísindastofnun

Ríkisendurskoðun hvatti Háskóla Íslands til að hafa virk afskipti af starfsemi Raunvísindastofnunar og tryggja að hún færi að settum reglum. Þá þyrfti háskólinn að endurskoða aðkomu stoðsviða skólans að starfsemi stofnunarinnar þannig að þau sinntu henni með sama hætti og öðrum einingum hans. Fjármálastjóri og innri endurskoðandi skólans yrðu t.d. að hafa betri yfirsýn um starfsemi stofnunarinnar og eftirlit með rekstri hennar. Einnig þyrfti að endurmeta þörf fyrir þá stoðþjónustu sem stofnunin sinnti sjálf og ákveða hvernig hún og háskólinn skiptu með sér verkum.

Í viðbrögðum Háskóla Íslands við ábendingunni árið 2011 kom fram að Raunvísindastofnun væri samofin starfsemi háskólans, einkum á sviði rannsókna og kennslu í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði og jarðeðlisfræði. Hún ætti því að hlíta sama fyrirkomulagi um skipan, stjórn og eftirlit og önnur starfsemi háskólans. Háskólaráð setti starfsemi og stofnunum háskólans reglur og unnið væri að endurskoðun á reglum fyrir stofnunina. Í þeim yrði að gera skýran greinarmun á vísindastarfsemi annars vegar og stjórnun og fjárhagslegri ábyrgð hins vegar. Þótt stofnunin væri sérliður í fjárlögum væri hún eftir sem áður hluti af háskólanum og fjárhagsleg ábyrgð vegna hennar á hendi forseta verkfræði- og náttúruvísindasviðs og háskólarektors.

Í svörum Háskóla Íslands í ársbyrjun 2014 við því hvort og þá hvernig það hefði brugðist við ábendingunni kom fram að háskólinn hafi lengi vel litið á Raunvísindastofnun sem sjálfstæða einingu en samstarf við hana hafi aukist mikið, sérstaklega árið 2013, einkum á sviði fjármála og mannauðsmála. Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar sendi nú mánaðarlega rekstraryfirlit til fjármálastjóra verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem kynni helstu niðurstöður þess samhliða kynningu á rekstraryfirliti deilda og rannsókna á stjórnarfundum sviðsins. Framkvæmdastjórinn sitji einnig vikulega fundi með fjármálastjóra og starfsfólki fjármáladeildar sviðsins. Jafnframt sitji hann vikulega fundi með forseta sviðsins og starfsfólki í stoðþjónustu. Unnið sé að samhæfingu á ýmsum þáttum starfseminnar vegna áforma um að starfsfólk sviðsins og stofnunarinnar hafi gagnkvæmar starfsskyldur. Þá hafi launafulltrúi fyrir Raunvísindastofnun verið ráðinn til launadeildar háskólans. Einnig hafi verið ráðinn verkefnastjóri starfsþróunar- og mannauðsmála fyrir stofnunina sem starfi í mannauðs- og samskiptateymi

Fjármála- og efnahagsráðuneyti hafnaði beiðninni

Ábendingunni nú beint til fjármála- og efnahagsráðuneytis

Háskóli Íslands hafi virk afskipti af starfsemi Raunvísindastofnunar

Háskóli Íslands hefur aukið samstarf sitt við Raunvísindastofnun

Vinnubrögð hafa verið samræmd og aðgengi háskólans að bókhaldi stofnunarinnar bætt

Stofnunin fellur þó ekki enn undir reglubundið eftirlit í miðlægrri stjórnsýslu háskólans

Ábendingin ekki ítrekuð en áréttað að umbótataækifæri eru enn fyrir hendi

Háskóli Íslands ljúki endurskoðun reglna og einfaldi skipulag stofnunarinnar

Endurskoðaðar reglur voru birtar á heimasíðu háskólans í júní 2011

sviðsins undir stjórn mannauðsstjóra. Meðal annars sé unnið að því að samræma vinnubrögð sviðsins og stofnunarinnar vegna ráðninga og starfsloka starfsmanna og meðferðar ráðningarsamninga. Haustið 2013 hafi fjármálastjóri sviðsins fengið skoðunaraðgang að bókhaldi Raunvísindastofnunar, sem þó sé aðgreint frá bókhaldi Háskóla Íslands.

Í svörum Háskóla Íslands kom einnig fram að fjármálastjóri háskólans hafi minni aðkomu að rekstri Raunvísindastofnunar en öðrum rekstri hans. Fjárslá ríkisins færi bókhald stofnunarinnar og fjármálastjórinn komi ekki að samþykktarferli reikninga eða öðrum bókhaldsatriðum og hafi takmörkuð afskipti af bókhaldi hennar. Framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar hafi aftur á móti verið kynntar allar verklagsreglur reikningshalds Háskóla Íslands með samræmingu vinnubragða í huga. Vegna aðgreinds bókhalds falli bókhald stofnunarinnar ekki undir reglubundið eftirlit í miðlægrri stjórnsýslu háskólans. Starfsfólk fjármálasviðs Háskóla Íslands hafi ekki aðgang að bókhaldi hennar fyrir utan framangreinda samvinnu innan launadeildar. Fjárhagur stofnunarinnar komi ekki fram á fjárhagsyfirlitum sem reglulega séu lögð fyrir fjármálanefnd háskólaráðs. Þá sé mennta- og menningarmálaráðuneyti í beinum samskiptum við framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar vegna fjárlagagerðar og eftirfylgni með framkvæmd fjárlaga.

Ríkisendurskoðun telur þróun varðandi þessa ábendingu jákvæða og hefur skilning á því að það sé vandkvæðum bundið fyrir Háskóla Íslands að mæta henni svo vel sé á meðan Raunvísindastofnun er sérstakur liður í fjárlögum. Ábendingin er því ekki ítrekuð. Ríkisendurskoðun hvetur Háskóla Íslands engu að síður til að vinna áfram markvisst að því að koma þessum málum í eins gott horf og verða má í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er. Að mati Ríkisendurskoðunar eru enn umbótataækifæri í þeim efnum, t.d. gæti fjármálastjóri háskólans kynnt fjármálanefnd háskólaráðs mánaðarleg rekstrar-yfirlit Raunvísindastofnunar samhliða kynningu á fjárhagsyfirlitum hans.

2. Flýta þarf vinnu við endurskoðun reglna um Raunvísindastofnun

Ríkisendurskoðun hvatti Háskóla Íslands til að beita sér fyrir því, í samráði við Raunvísindastofnun, að ljúka endurskoðun reglna um stofnunina. Meðal annars þyrfti að tryggja að ábyrgð forseta verkfræði- og náttúruvísindasviðs á rekstri og starfsemi stofnunarinnar væri skýr og að hann hefði aðkomu að stjórnun hennar. Þá þyrfti að einfalda skipulag stofnunarinnar, m.a. þannig að hún hefði aðeins eina stjórn, og festa í sessi formleg samskipta- og eftirlitsferli við háskólann.

Í viðbrögðum Háskóla Íslands við ábendingunni árið 2011 var tekið undir að ljúka þyrfti endurskoðun reglna um Raunvísindastofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sameiginlegar reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009 og ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Í svörum Háskóla Íslands í ársbyrjun 2014 við því hvort og þá hvernig hefði verið brugðist við ábendingunni kom fram að endurskoðaðar reglur nr. 685/2011 um Raunvísindastofnun hefðu verið birtar á heimasíðu háskólans í júní 2011. Þar komi fram að stofnunin sé hluti af raunvísinda- og jarðvísindadeildum verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Samkvæmt reglunum sé ábyrgð forseta sviðsins á

rekstri og starfsemi stofnunarinnar skýr. Hann skipi m.a. stjórn stofnunarinnar sem beri ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart honum og ráði, að fenginni tillögu stjórnar, framkvæmdastjóra hennar sem annast daglegan rekstur. Þá skuli stofnunin bera fjárhagsáætlanir og ársreikninga undir hann til staðfestingar. Með þessu séu formleg samskipta- og eftirlitsferli fest í sessi. Samkvæmt reglunum væri reikningshald Raunvísindastofnunar hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands og lyti reglum þess þó það sé aðgreint í bókhaldi.

Ríkisendurskoðun telur að Háskóli Íslands hafi komið til móts við ábendinguna að því leyti að ábyrgð forseta verkfræði- og náttúruvísindasviðs á rekstri og starfsemi Raunvísindastofnunar hefur verið skýrð og að hann hefur nú valdheimildir í samræmi við hana. Þá hafa formleg samskipta- og eftirlitsferli háskólans við stofnunina verið fest betur í sessi. Aftur á móti hefur skipulag Raunvísindastofnunar ekki verið einfaldað. Í reglum nr. 685/2011 um Raunvísindastofnun kemur m.a. fram að stjórnir undirstofnana hennar semji rekstrar- og fjárhagsáætlanir fyrir sínar stofnanir en stjórn Raunvísindastofnunar beri ábyrgð á fjárhagsáætlun og uppgjöri gagnvart fjárveitendum og forseta fræðasviðs. Sé undirstofnun stofnunarinnar skipt í rannsóknarstofur skuli sérstakur stofustjóri fara fyrir faglegum málefnum hennar, hafa eftirlit með fjármálum hennar og bera ábyrgð gagnvart stjórn stofnunar. Árið 2009 voru unnin ársverk hjá Raunvísindastofnun rúm 120 en í árslok 2013 hafði þeim fækkað í rúmlega 101. Yfirbygging stofnunarinnar hefur hins vegar ekki minnkað og það þótt ábyrgð Háskóla Íslands á starfseminni hafi verið skýrð. Ríkisendurskoðun ítrekar því þennan hluta ábendingarinnar, þ.e. að stjórnskipulag Raunvísindastofnunar verði einfaldað, m.a. þannig að hún hafi aðeins eina stjórn. Það krefst endurskoðunar á reglum nr. 685/2011 um Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Yfirbygging stofnunarinnar hefur ekki minnkað þótt starfsfólki hafi fækkað

2.2.3 Ábendingar til Raunvísindastofnunar

1. Bæta þarf verklag Raunvísindastofnunar

Ríkisendurskoðun hvatti Raunvísindastofnun, í samvinnu við Háskóla Íslands, til að koma á skýru verklagi, m.a. með skriflegum verklagsreglum fyrir meginferla starfseminnar, s.s. um innkaup, innra eftirlit, gerð rekstraráætlana og samþykktarferli reikninga.

Raunvísindastofnun komi á skýru verklagi

Í viðbrögðum sínum við ábendingunni árið 2011 sagði Raunvísindastofnun að bætt yrði úr skorti á skriflegum verklagsreglum og verkaskipting skerpt. Samþykktarferli reikninga væri skjalfest hjá Jarðvísindastofnun en ekki hjá Eðlis-, efna og stærðfræðistofnun þó það væri í föstum skorðum þar. Raunvísindastofnun hygðist skjalfesta frekar alla meginferla sína, s.s. við innkaup, innra eftirlit, gerð rekstraráætlana og samþykktarferli reikninga.

Í svörum Raunvísindastofnunar í ársbyrjun 2014 við því hvort og þá hvernig hefði verið brugðist við ábendingunni kom fram að unnið hefði verið að því í samvinnu við Háskóla Íslands, einkum verkfræði- og náttúruvísindasvið, að ganga frá skriflegum verklagsreglum og sníða reglur stofnunarinnar um rannsóknir að áherslum háskólans eftir atvikum. Meðal reglna sem hafi verið uppfærðar séu reglur um innkaup, reglur um meðferð rannsóknareikninga, reglur um innkaupakort, reglur um samþykktarferli reikninga, reglur um skráningu og innheimtu reikninga, reglur um endurgreiðslu

Raunvísindastofnun hefur unnið að skriflegum verklagsreglum

Ábendingin ekki ítrekuð en stofnunin hvött til að vinna markvisst áfram að málinu

Raunvísindastofnun fylgi reglum Háskóla Íslands vegna styrkja

Stofnunin fylgir nú sameiginlegum reglum Háskóla Íslands

Ábendingin ekki ítrekuð en stofnunin hvött til að tryggja lágmarksskjölun verkefna

Raunvísindastofnun vinni á uppsöfnuðum halla

útlagðs kostnaðar og reglur um notkun bifreiða í óbyggðum ásamt öryggisreglum um slíkar ferðir. Gerð verklagsreglna gangi þó hægar en æskilegt væri vegna anna hjá þeim sem að þeirri vinnu koma.

Ríkisendurskoðun telur ekki þörf á að ítreka ábendinguna en hvetur Raunvísindastofnun engu að síður til að vinna markvisst áfram að því að setja skýrar verklagsreglur fyrir meginferla starfseminnar.

2. Bæta þarf umsýslu með styrkjum og rannsóknarstarfi

Ríkisendurskoðun hvatti Raunvísindastofnun til að fylgja reglum Háskóla Íslands við styrkumsóknir og aðlaga bókhald sitt vegna styrkja að reglum um reikningshaldslega meðferð styrkja hjá ríkisstofnunum. Stofnunin þyrfti einnig að koma sér upp gæðakerfi sem tryggði lágmarksskjölun við vinnu rannsóknarverkefna. Það ætti m.a. að innihalda reglur um samræmda skjölun vegna vinnu og frágangs rannsóknarverkefna, þ.m.t. verkþókhald.

Í viðbrögðum sínum við ábendingu Ríkisendurskoðunar árið 2011 kom fram að Raunvísindastofnun myndi kynna sér ítarlega reglur Háskóla Íslands og gera viðeigandi úrbætur. Áfram yrði unnið að því í samvinnu við Fjársýslu ríkisins að aðlaga bókhald Raunvísindastofnunar vegna styrkja að reglum um reikningshaldslega meðferð styrkja hjá ríkisstofnunum. Þá myndi stofnunin koma sér upp skriflegum verklagsreglum vegna skjölunar vinnu og frágangs rannsóknarverkefna og skoða upptöku verkþókhalds og hvernig því yrði viðkomið innan þess ramma að stofnunin væri í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

Í svörum Raunvísindastofnunar í ársbyrjun 2014 við því hvort og þá hvernig hún hefði brugðist við ábendingunni kom fram að stofnunin fylgdi nú sameiginlegum reglum Háskóla Íslands og stofnana hans um umsóknir og umsýslu styrkja úr rannsóknasjóðum, sem og um meðferð annarra sértekna. Ennfremur aðstoðaði rannsóknastjóri verkfræði- og náttúruvísindasviðs starfsmenn Raunvísindastofnunar við að skjala samninga um erlenda styrki. Ekki sé þó lokið við að skjala eldri Evrópustyrki. Raunvísindastofnun teldi að bókhaldsleg meðferð styrkja og vörslufjár væri í samræmi við reglur. Skjölun vegna vinnu og frágangs rannsóknarverkefna væri ekki samræmd en farið væri að fyrir mælum viðkomandi styrkveitenda varðandi framvinduskýrslur og lokaskýrslur.

Ríkisendurskoðun telur að þróun í þessu efni sé jákvæð og að ekki sé þörf á að ítreka ábendinguna en hvetur stofnunina engu að síður til að ljúka skjölun þeirra styrkja sem eftir eru hið fyrsta. Þá sé brýnt að Raunvísindastofnun tryggi lágmarksskjölun við vinnu og frágang rannsóknarverkefna og leitist við að hafa hana eins samræmda og verða má.

3. Rekstur sé innan fjárheimilda

Ríkisendurskoðun hvatti Raunvísindastofnun, í samvinnu við Háskóla Íslands, til að halda áfram að vinna á þeim uppsafnaða halla sem fyrir hendi væri. Efla þyrfti aðkomu stjórnenda að gerð og eftirfylgni rekstraráætlana, auk þess sem forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs, fjármálastjóri háskólans og stjórnarmenn stofnunarinnar yrðu að taka virkan þátt í gerð þeirra og bera ábyrgð á að rekstur væri innan fjárheimilda.

Í viðbrögðum Raunvísindastofnunar við ábendingu Ríkisendurskoðunar árið 2011 sagði að unnið yrði áfram að því að lækka uppsafnaðan rekstrarhalla stofnunarinnar.

Í svörum Raunvísindastofnunar í ársbyrjun 2014 við því hvort og þá hvernig hún hefði brugðist við ábendingunni kom fram að rekstur hennar hefði verið innan ramma fjárlaga frá árinu 2010. Höfuðstóll hennar, sem hafi verið neikvæður um 48,5 m.kr. í árslok 2009, hafi verið orðinn jákvæður um 4 m.kr. í árslok 2012. Unnið sé að því að gera rekstraráætlanir að betra stjórnþæki í samvinnu við stoðþjónustu verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Einnig sé þeim leiðbeiningum sem fjármálastjóri Háskóla Íslands setur fylgt.

Þar sem stofnunin hefur haldið sig innan ramma fjárlaga síðustu ár, unnið á uppsöfnuðum halla og er nú í nánara samstarfi við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands en áður í þessu efni telur Ríkisendurskoðun ekki þörf á að ítreka ábendingu sína.

Rekstur stofnunarinnar hefur verið innan ramma fjárlaga frá árinu 2010

Ábendingin ekki ítrekuð



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is